


Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Klettsreit



*Katrín Gunnarsdóttir
Byggðasafn Hafnarfjarðar
október 2004*

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Langeyri - Klettsreitur

Inngangur

Að beiðni Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu á fyrirhuguðu byggingasvæði vegna deiliskipulags Norðurbakka á svæði sem er nefnt Klettsreitur á uppdráttarteikningu.

Svæðið liggur á milli Merkursgötu og Vesturbrautar, og er ofan og austan við Vesturgötu á lóðum sem eru skilgreindar númer 10, 12, 14, 16, 18 og 24 samkvæmt uppdrætti frá Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram í október 2004, og var hún gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi fil.mag.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á þessu svæði áður.

Árið 1998 var gerð *"Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði"* á vegum Fornleifastofnunar Íslands, sem unnin var af Hildi Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir.

Vettvangsskráning fór fram 30. september 2004.

Þakkir til Kristjáns Bersa Ólafssonar fyrir leiðsögn og skriflegar upplýsingar.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

- [...] Hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða

- skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml).

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu.

Við fornleifaskráninguna eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmynd eða teikning eftir því sem við á.

Minjar eru færðar inn á skipulagskort sem er unnið úr kortagrunni Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir mörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Þar sem þessi skráning er aðeins skráning á hluta þess land sem tilheyrði Langeyri er hér ekki um heildarskráningu svæðisins að ræða, er skráning aðlöguð því, með því að á þeim lóðum innan svæðisins sem tilheyra fyrirhuguðum skipulagsreit þar sem fornleifar eða heimildir um þær væri að finna, eru þær skráðar undir heitinu Vesturgata og með tilheyrandi götunúmeri.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað. Þar hefur Langeyri númerið 36900360. Síðan er það númer jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali Johnsens* sem er 180 fyrir Langeyri. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvers jarðar, Langeyri - Vesturgata 10, nr. 1 og þar afleiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Langeyri 36900360 - 180-1.

Hlutverk og heiti

Hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Ekki er alltaf hægt að sjá í landinu fornminjar sem getið er um í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort sem er unnið úr kortagrunni Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

Staðhættir og lýsing

Staðhættir og lýsing, þar er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörfkrefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Langeyri

Sögulegt yfirlit.

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847, fær jörðin Langeyri númerið 180. Segir þar um Langeyri að sýslumaður nefnir eigi býli þetta en jarðabækur telja hér þrjú smábýli sem sé í Garðakirkjueign (Langeyri, Bali og Skerseyri), en prestur nefnir Langeyri eingöngu. Í *Sögu Hafnarfjarðar* segir m.a. "Langeyri var fyrrum þurrabúð, en á síðari hluta 18. aldar og fyrrihluta 19 aldar var rekin þar verslun".

Í *Örnefnaskrá* fyrir Langeyri segir m.a.: "Langeyri var ævaforð hjáleiga frá Görðum með túni. Á bæjarstæðinu stendur nú hús merkt "Langeyri 1904" og er það númer 30 við Herjólfsgötu."

Túnakort af jörðinni Langeyri eru ekki til.

Ekki eru heimildir um örnefni sem gætu raskast við fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir, en heimildir eru um hús sem hafa staðið á lóðunum Vesturgötu 10,12 og 16. Ásamt heimildum um byggingar sem sjást á gömlum myndum sem teknar hafa verið um eða upp úr aldamótunum 1900 úr Mynddís sem er gangagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Vesturgata

Langeyri 36900360 - 180 - 1

Sérheiti: Vesturgata 10.

Legi: N: 64°04.202 V: 21 °57.656

Hlutverk: Í samantekt frá Kritjáni Bersa Ólafssyni segir m.a: "Útgerðafélagið Akurgerði var stofuað í ársbyrjun 1923. Meðal stofuenda þess var

Þórarinn B. Egilsson útgerðamaður. Hann hóf útgerð frá Hafnarfirði árið 1915 og sama ár keypti hann ásamt öðrum fasteigina Vesturgötu 10, sem sennilega hefur fengið nafnið Akurgerðishúsið eftir að útgerðarfélagið var stofnað. Í bókinni *Bær í byrjun aldar* segir að á lóðinni hafi í byrjun aldar (um aldamótin 1900) staðið bær á þessum stað og þar hafi orðið ábúendaskipti árið 1902. Einhvern tíma á þessu árabili, 1902-1915 hafi timburhúsið því verið reist, og ágiskun mín er sú að það hafi verið í kringum 1910."

Í bókinni *Bær í byrjun aldar* segir að húsið Vesturgata 10, hafi verið rífið árið 1981."

Í Virðingarbók Brunabótafélags Íslands frá 1917, er teikning af þeim byggingum sem staðið hafa á lóðinni Vesturgötu 10. Samkvæmt lýsingu hafa þetta verið skúrar. Ekki er vitað um nánari aldur á þeim, en ætti að hafa í huga við framkvæmdir á lóðinni.

Lýsing: Eftir stendur L-laga grjóthlaðinn og steiptur veggur sem er 4 m x 8 m, hæðin á styttri arminum er allt að 1. 60 m og á hinum lengri allt að 2 m. Þetta hefur verið kjallari hússins.

Hættumat: Við jarðrask ber að hafa í huga að þarna gætu verið mannvistaleifar í jörðu.

Langeyri 36900360 - 180 - 2

Sérheiti: Vesturgata 12, Edinborgarhúsið

Lega: N: 64°04.195 V: 21°57.706

Hlutverk: Í samantekt frá Krittjani Bersa Ólafssyni segir m.a: "Á lóðinni Vesturgötu 12, stóð Edinborgarhúsið. Það var reist árið 1904, af August Flygering sem um aldamótin (1900) keypti lóð og húseignir Jóns Bjarnasonar kaupmanns, lóð þessi var oft kölluð Klofalóðin og var hún rétt vestan við pakkhúsin í Akurgerði. Húsið var skrifstofu- og verslunarhús. Það var í eigu hans fram til ársins 1908, en þá eignaðist verlsunarfyrirtækið Copland & Berrie í Edinborg í Skotlandi húsið, og er það í eigu þess fram til 1917, en þá eignast August Flygering húsið aftur. Við stofnun Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar árið 1931 var húsið gert að höfuðstöðvum hennar og gegndi því hlutverki þar til frystihús útgerðarinnar reis hinum megin við götuna árið 1958, en þá voru skrifstofurnar fluttar í nýja húsið. Tveimur árum síðar afhenti bærinn svo skátafélaginu Hraunbúum Hafnarfirði húsið og var því fundinn staður uppi á Hrauni. Þaðan var það svo flutt árið 2001 í Rangárvallasýslu."

Í Virðingarbók Brunabótafélags Íslands frá 1917 er teikning Edinborgarhúsinu ásamt fleiri byggingum sem staðið hafa fyrir ofan það. Ekki er vitað um nánari aldur á þeim, en ætti að hafa í huga við framkvæmdir á lóðinni.

Hættumat: Við jarðrask á lóðinni ber að hafa í huga að þarna hafa staðið byggingar sem nú eru horfnar, þarna gætu því verið mannvistarleifar í jörðu.

Langeyri 36900360 - 180 - 3

Sérheiti: Salthús

Staðsetning: Húsgrunnur á bak við húsið sem stóð við Vesturgötu 12, Edinborg.

Lega: N:64°04202 V: 21°57702
Hlutverk: Kristján Bersi Ólafsson segir. "Húsið sem þarna stóð var saltgeymsla Bæjarútgerðarinnar".
Lýsing: Steyptur allstór húsgrunnur um 17 m x 7 m að stærð. Grunnurinn sjálfur telst ekki fornleif, en það ber að hafa í huga að hugsanlega geta verið mannvistaleifar undir honum.

Langeyri 36900360 - 180 - 4

Sérheiti: Vesturgata 16
Hættumat: Húsið sem stendur á lóðinni Vesturgötu 16, er byggt fyrir aldamótin 1900. Það er því í sérstakri athugun á vegum Byggðasafns Hafnarfjarðar og Húsfriðunarnefnd ríkisins og er því ekki tekið með í þessa fornleifaskráningu.
Í bókinni *Bær í byrjun aldar* segir að þarna hafið staðið áður bær Auðuns lóðs.

Langeyri 36900360 - 180 - 5

Sérheiti: Svæði á milli Vesturgötu 16 og 18.
Hlutverk: Hleðsla, veggur.
Staðsetning: Veggurinn er nyrst á svæði sem er á milli lóðana Vesturgötu 16 og 18.
Lega: N: 64°04.213 V: 21°57.760
Lýsing: Upphlaðinn þéttur grjótveggur sem liggur utan í klettavegg. Hann er um 3-4 m á hæð og um 3 m langur neðst, en breiðkar upp að lóð sem tilheyrir húsinu Merkurgötu 2, og er þar um 5-6 m langur.
Hættumat: Ekki eru neinar heimildir um þennan vegg, en þarna virðist vera um gamla hleðslu að ræða og ber að hafa það í huga við framkvæmdir á svæðinu.



Mynd 1. Vegghleðsla á lóðunum Vesturgötu 16 og 18. horft í norður.
Ljósmynd: K.G. í október 2004.

Samantekt:

Vesturgata 10

Lóðini Vesturgata 10, er á horni Vesturgötu og Merkurgötu.

Þar stóð síðast hús sem byggt var í kringum 1910, og stóð það fram til ársins 1981, en þá var það rífið. Eftir stendur af því upphlaðinn L-laga grjóthlaðinn, steypur veggur. Það er veggur frá kjallaranum sem var undir húsinu. Heimildir eru um hús sem staðið hefur á lóðinni fyrir 1902. Það má því vel vera að í jörðu séu þarna hleðslur eða aðrar mannvistaleifar sem gætu komið í ljós við jarðrask. Líklegt er að áður hafi lóðin verið nokkuð hærri en hún er í dag, en nú er hún í sömu hæð og Merkurgatan, og smá hallar upp frá götunni í norð-austur. Svæðið er nú notað sem bílastæði með aðkeyrslu frá Merkurgötu.

Niður að Vesturgötu er smá kantur um 0.50 m hár. Áður fyrr var Vesturgatan mun hærri en hún er núna.

Vesturgata 12

Á þessari lóð út við Vesturgötuna stóð Edinborgarhúsið, byggt 1904. Það var síðan flutt af sínum stað um 1960. Húsið stóð á kjallara sem var hlaðinn og steypur. Ekki er hægt að sjá nokkur merki um hleðslur þar sem húsið hefur staðið.

Ofar á lóðinni Vesturgötu 12 er steypur plata frá byggingu sem þarna stóð og var saltgeymsla og fiskþvottahús Bæjarútgerðarinnar sem var stofnuð 1931, og er því seinni tíma bygging, og telst því ekki til fornleifa.

Í Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1917, er uppdráttur af lóðinni Vesturgata 12. ásamt skýringum og eru byggingarnar skilgreindar sem g, h, i og j. Ekki er hægt að tímasetja þessar byggingar nánar, og ekki hægt að greina þær á yfirborði landsins eins og það er í dag. En hafa ber í buga við framkvæmdir á lóðinni Vesturgötu 12 að þar hafa staðið fleiri byggingar.

Meðfram fyrirhuguðum byggingarreit að Vesturgötu er hlaðinn kantur úr hraungrjóti. Þetta er seinni tíma hleðsla og telst því ekki til fornleifa.

Vesturgata 16

Vegna aldurs er húsið í sérstakri athugun hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar og Húsfriðunarnefnd ríkisins.

Vesturgata 16-18

Á svæði sem er á milli lóðana Vesturgötu 16-18 er upphlaðinn grjótveggur, ekki eru neinar heimildir um vegginn, en þarna er um gamla hleðslu að ræða, ber því að taka tillit til þess við framkvæmdir og hlífa honum eins og hægt er.

Niðurstöður:

Samkvæmt fornleifaskráningunni eru ekki sýnilegar fornleifar á lóðunum Vesturgötu 10 og 12. En við jarðarask vegna framkvæmda ber að hafa íhuga að þarna hafa staðið

byggingar sem eru horfuar, og í jörðu geta verið hleðslur eða aðrar mannvistaleifar frá þeim.

Vegna aldurs hússins sem er við Vesturgöta 16 er í athugun hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar og Húsafriðumarnefnd ríkisins.

Á svæði milli lóðanna Vesturgötu 16-18 er upphlaðinn grjótveggur er hér um eldri hleðslu að ræða, og á veggurinn að fá njóta þess.

Heimildaskrá

J.Johnsen. 1847 *Jarðatal*. Bls. 92. Kaupammahöfn.

Kristján Bersi Ólafsson. Óútgefið. *Heimildir um hús við Vesturgötu 10-12*. 2004.

Magnús Jónsson. 1987. *Bær í byrjun aldar*. Bls. 106-107. 110. Hafnarfjörður.

Sigurður Skúlason. 1933. *Saga Hafnarfjarðar*. Bls. 408. Reykjavík. Örnefnastofnun Íslands. Örnefni í Hafnarfirði.

Aðrar heimildir:

Afsal fyrir húseignina Vesturgötu 12 frá árinu 1943.

Mynddís gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1917. Bls. 55, 56-57.

Kristján Bersi Ólafsson, viðtal og leiðsögn.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: Uppdráttur Umhverfis og tæknisviðs affyrirhugðum deiliskipulagsreit. Þar sem merktir eru þeir staðir sem þessi skráning nær yfir með númerunum 1-5.

Fylgiskjal 2: Uppdráttur aflóðinni Vesturgötu 12, úr Virðingabóka Brunabótafélags Íslands frá 1917.

Forsíðumynd: Horft í suðaustur eftir Vesturgötu, yfir lóðirnar Vesturgötu 14 og 12, að húsi Byggðasafns Hafnarfjarðar sem er fyrir miðri mynd.

Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir, október 2004.



Samlagt váttryggingarverð eignarinnar (eignanna) verður kr.

72930

stur er í húsinu?

skvæmt brunamálalögunum?

r mótórar eða gufuvélar eða annað

u?

þfan upp undir loft?

stu húsa?

mt af fylstu samvirkusemi samkvæmt

Grunnuppdráttur sem sýnir afstöðu hinna virtu húsa hvers til annars, fjarlægð milli þeirra og fjarlægð frá nágrennahúsum

armenn

ndi

Sam. obelgaxar
umboðsmaður félagsins

